

Fundur framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1030

Dagsetning: 4. júní 2024 klukkan 13:00 og 6. júní 2024 klukkan 8:30.

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP) sem sat fundinn undir liðum 1-5 og 7-13, Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) sat fundinn undir liðum 1-10 og Brjánn Jónasson (BJ) sem sat fundinn undir liðum 1-3 og 7-13, og ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Margrét Héðinsdóttir, svæðisstjóri Upplýsingamiðstöðvar HH, og Sólrún Ólína Sigurðardóttir, fagstjóri hjúkrunar á Heilsubró HH, sátu fundinn undir lið 10.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 28. maí 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í sumar.

3. Fjármögnun þjónustu HH

Undirbúningur fyrir fund í heilbrigðisráðuneytinu um fjármögnun þjónustu HH sem fellur utan fjármögnunarlíkansins, til dæmis Upplýsingamiðstöð HH og Heilsubró HH.

4. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál. Umræða um hvort bæta þurfi við sumarstarfsmanni í Færni- og heilsumatsnefnd.

5. Skipulag ADAM-námskeiðanna

Rætt um útfærslur á ADAM-námskeiðunum fyrir börn og hvernig greitt sé fyrir vinnu við að halda námskeiðin. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að námskeiðin verði haldin á dagvinnutíma sem hluta af daglegri vinnu starfsfólks HH.

6. Kjarasamningar við lækna

NSK kynnti hugmyndir sem unnið er að vegna vinnu við gerð kjarasamninga við Læknafélag Íslands.

7. Námsleyfi starfsfólks

Umræður um reglur sem gilda um námsleyfi starfsfólks og styrki til að sækja námskeið og ráðstefnur. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að reglurnar séu skýrar og aðgengilegar fyrir starfsfólk svo mannauðssvið geti afgreitt beiðnir með skilvirkum hætti.

8. Viðburðir starfsmannafélags

Tillögur um viðburði starfsmannafélagsins fram að áramótum voru kynntar og samþykktar.

9. Stjórnendapjálfun

Farið var yfir undirbúning fyrir stjórnendapjálfun næsta vetur.

10. Fjármögnun þjónustu HH, framhald

Margrét Héðinsdóttir, svæðisstjóri Upplýsingamiðstöðvar HH, og Sólrún Ólína Sigurðardóttir, fagstjóri hjúkrunar á Heilsubrú, komu á fundinn til að ræða niðurstöðu fundar framkvæmdastjórnar með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins um fjármögnun þjónustu sem fellur utan fjármögnunarlíkansins. Rætt um fjármögnun Heilsubrúar og Upplýsingamiðstöðvar og stefnumótun fyrir starfsemi eininganna. Einnig var rætt um húsnæðismál Heilsubrúar, sem ráðgert er að flytji í Þönglabakka 1 þegar húsnæðið er tilbúið.

11. Gæðamál

ASV kynnti hugmyndir um eflingu gæðavinnu innan HH. Hún lagði áherslu á að búin verði til gæðahandbók fyrir stofnunina sem allir starfsmenn hafi aðgang að sem í verði verklarsreglur, vinnuleiðbeiningar og fleira. Framkvæmdastjórn tók vel í að fara í þessa vinnu og finna gæðakerfi sem hægt er að nota.

12. Skipulag funda með stjórnendum

Umræður um skipulag funda með stjórnendum næsta vetur. Farið var yfir fyrirbyggjandi tillögur sem rætt var um á fundi fagstjóra nýverið og þær samþykktar. Framkvæmdastjórn lagði áherslu á að halda inni í dagskránni heimsóknum fulltrúa úr framkvæmdastjórn á starfsstöðvar.

Önnur mál

13. Heilsugæslan Efra-Breiðholti

NSK upplýsti um erfiða stöðu á Heilsugæslunni Efra-Breiðholti. Illa hefur gengið að manna stöður lækna á stöðinni og að einhverju leyti hjúkrunarfræðinga líka.

Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf skipulagi tengt ADAM-námskeiðunum, sjá lið 5.
Ábyrgð: GUP
- Vinna þarf áfram með hugmyndir vegna vinnu við kjarasamninga lækna, sjá lið 6.
Ábyrgð: NSK
- Taka þarf saman reglur sem gilda um námsleyfi ólíkra stétta innan HH og tryggja að starfsfólk viti af verklagsreglum og hvert það eigi að snúa sér, sjá lið 7.
Ábyrgð: SKP og HP
- Undirbúa þarf viðburði sem framkvæmdastjórn samþykkti, sjá lið 8.
Ábyrgð: SKP
- Kynna þarf stjórnendapjálfun næsta vetrar fyrir stjórnendum, sjá lið 9.
Ábyrgð: SKP

- Útfæra þarf þjónustu Upplýsingamiðstöðvar og Heilsubrúar miðað við ólíkar sviðsmyndir í fjármögnun fyrir haustið, sjá lið 10.
Ábyrgð: SDM og HP
- Vinna þarf áfram að útfærslu gæðamála og kanna möguleika á kerfi til að halda utan um gæðahandbók, sjá lið 11.
Ábyrgð: ASV
- Ljúka þarf skipulagi fyrir fundi stjórnenda innan HH næsta vetur og kynna fyrir stjórnendum, sjá lið 12.
Ábyrgð: NSK

Fundi frestað 6. júní 2024 klukkan 15 og fram haldið 6. júní 2024 klukkan 8:30. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:50